



Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar 05. febrúar 2018

Fundur skipulags- og umhverfisnefndar Vopnafjarðarhrepps

05. febrúar 2018, haldinn í Miklagarði kl. 12:00

Mætti til fundar: Borghildur Sverrisdóttir, Baldur Kjartansson, Jakobína Ósk Sveinsdóttir, Baldur H. Friðriksson og Axel Örn Sveinbjörnsson.

Einnig sat fundinn Magnús Már Þorvaldsson er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál: **Safnaðarstofa Hofskirkju** – Sigríður Bragadóttir f.h. Hofssóknar óskar er heimildar til að byggja safnaðarstofu við Hofskirkju. Meðfylgjandi eru fullnaðaruppdrættir ARGOS ehf. en erindi varðandi safnaðarstofuna lá fyrir skipulags- og umhverfisnefnd 11. október 2016 og hlaut jákvæða meðferð en skyldi afgreitt með formlegu erindi og skilum á fullnaðaruppdráttum.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir samhljóða að heimila bygginguna fyrir sitt leyti.

1. mál: **Strandblakvöllur - Lónabraut 4** – Fyrir fundi liggur erindi Vopnafjarðarhrepps og grenndarkynning unnin af Yrki ark. Óskar sveitarfélagið samþykktar skipulags- og umhverfisnefndar um að erindið fari í kynningu og að bókað verði hvaða hús fái hana. Málefni blakvallarins hafa verið til meðhöndlunar í nefndinni áður, fyrst 12.10.2015, 28.08.16 og síðan 24.01.2017 og í sveitarstjórn 17.08.16.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir samhljóða að erindið fari í grenndarkynningu þar sem fyrirbyggjandi gögn Yrki arkitekta liggja til grundvallar. Kynngarefni verði sent í eftirtalin hús:

Lónabraut no. 2, 4, 5, 7, 9 11 og 19.

Skuldarhalli no. 1.

Hafnarbyggð no. 11, 13, 15, 17, 19, 21, 22, 23, 25, 26, 27, 29 og 33.

Fagrihjalli no. 1, 3 og 4.

1. mál: **Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs** – Breyting á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028 er varðar breytta landnotkun á Davíðsstöðum, áður Hleingarði II. Er í gildandi Aðalskipulagi gert ráð fyrir umfangsmikilli frístundabyggð en skv. breytingunni umfangsminni og skógrækt. Óskað er umsagnar skipulags- og umhverfisnefndar Vopnafjarðarhrepps.

Skipulags- og umhverfisnefnd Vopnafjarðarhrepps hefur tekið fyrir tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs er varðar landnotkun á Davíðsstöðum á grundvelli 2. mgr. 30. grein Skipulagslaga nr. 123/2010 og gerir engar athugasemdir við hana.

1. mál: **Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs** – Breyting á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028 er varðar breytta landnotkun á 2 lóðum við gatnamót Lagafells og Hringvegur í Fellabæ. Þar er lagt til íbúðasvæði verði blönduð byggð sem gefur svigrúm fyrir þjónustu. Óskað er umsagnar skipulags- og umhverfisnefndar Vopnafjarðarhrepps.

Skipulags- og umhverfisnefnd Vopnafjarðarhrepps hefur tekið fyrir tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs er varðar landnotkun á 2 lóðum við gatnamót Lagafells og Hringvegur á grundvelli 2. mgr. 30. grein Skipulagslaga nr. 123/2010 og gerir engar athugasemdir við hana.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og samhljóða samþykkt – fundi slitið kl. 12.30.